Viðhald hellulagna



Hellulögð plön og stígar eru til staðar í mörgum kirkjugörðum landsins. Þegar framkvæmt er í upphafi verða til snyrtileg slétt svæði sem þægilegt er að ganga um eða aka. Þegar framkvæmdum er lokið kann mörgum að virðast sem svo að þarna sé komið svæði sem lítið þarf að hugsa um eða viðhalda. Það er þó ekki raunin. Til þess að tryggja góða endingu og útlit hellulagna er nauðsynlegt að sinna reglulegri umhirðu á svæðunum.

Það fyrsta sem er gott að gera er að sópa reglulega og passa að ekki safnist upp lífrænt efni ofan á hellulöginni sem getur orðið að jarðvegi fyrir illgresisfræ. Lauf, greinar, grasafklippur og fleira slíkt breytist í mold með tímanum og þar geta allskyns óæskilegar jurtir fest rætur. Einnig eru auknar líkur á mosavexti þar sem sem lífrænt efni safnast saman, sérstaklega þar sem raki helst að svæðunum. Með því að sópa reglulega þá fjarlægjum við allt óþarfa rusl og lifrænt efni þ.a.m. mosa.

Ef aðstæður leyfa er gott að smúla hellulagnir með vatni í byrjun sumars. Það fjarlægir allskyns óhreinindi í burtu sem geta valdið vanda yfir sumarið. Hinsvegar þarf að passa vel að hreinsa ekki pússningasandinn upp úr fúgum helllulagnarinnar þar sem það getur valdið umfangsmeiri illgresisvanda síðar. Ef eitthvað af pússningasandi fer upp úr fúgunum þá þarf að bæta það upp með því að sópa nýjum sandi ofan í þær að verki loknu. Fúgurnar eiga ávallt að vera fullar af sandi því hann hefur þann tilgang að skorða hellurnar af, halda þeim stöðugum og koma í veg fyrir að illgresi festi rætur ofan í burðarlagið.

Kantskurð er gott að framkvæma reglulega. Það getur verið annað hvert ár eða jafnvel sjaldnar þar sem það veltur á því hversu hratt grasið vex inn á hellulögnina. Ef ekki er kantskorið þá getur grasið skriðið inn á lögnina, fyrst inn í fúgurnar og svo með tíð og tíma nær það oft að mynda mottu ofan á hellunum. Með því að kantskera meðfram hellulögninni og skera þannig á þá anga sem vaxa inn að hellulögninni eru minni lýkur á að þetta gerist.

Illgresishreinsun þarf að framkvæma þegar illgresi byrjar að spretta úr fúgum hellulagnarinnar. Þegar illgresið er í litlu magni og ekki orðið stórt þá er auðvelt að ná því upp úr fúgunum og koma í veg fyrir að það fjölgi sér hratt. Það eru nokkrar leiðir til þess að losna við illgresi úr fúgum hellulagnar.

1. Fyrst er það fúguskafan. Fúguskafa er til með stuttu handfangi sem krefst þess að unnið sé á hnjánum við verkið en einnig er til fúguskafa með löngu skafti sem þægilegra er að nota standandi. Skafan er notuð þannig að illgresið er skafið upp úr fúgunum með eða án þess að rótin náist með. Á sköfunni er krókur sem nær niður á milli hellnanna og á henni er líka ein brún sem er beitt og má nota til að skera á rætur illgresisins.

2. Háþrýstidælu má líka nota til að hreinsa illgresi og mosa ofan af hellulögnum. Við notkun háþrýstidælu þarf að passa þrýstinginn og að ekki sé gengið svo hart fram að fínefni kvarnist upp úr yfirborði hellulagnarinnar og geti þannig haft áhrif á endingartíma hennar. Eins og nefnt er hér að ofan þá þarf að passa að sópa pússningasandi ofan í allar fúgur þegar því er lokið svo ekki skapist verra illgresisvandamál í framhaldinu. Þar sem mosavöxtur er öflugur þá getur verið gott að úða GarðaUndra eða sambærilegu efni yfir hellulögnina að hreinsun lokinni. Það getur frestað því að mosi nái tökum á svæðinu strax aftur.

3. Hellusópur/Vírsópur er tæki sem hefur reynst mjög vel í að hreinsa upp gamlar hellulagnir þar sem gróðurinn er farinn að ná yfirhöndinni. Sópinn er hægt að fá sem sér tæki eða sem viðhengi á gröfu eða liðléttinga. Hann er notaður til þess að hreinsa upp bæði mosa, illgresi og jafnvel gras sem hefur náð festu í fúgum og ofan á hellulögnum. Þegar hann hefur náð að losa upp allt óæskilegt efni þarf svo að hreinsa það í burtu með kúst eða vélsóp. Í framhaldi þarf svo að meta hvort það er þörf á því að sópa yfir lögnina með pússningasand og/eða hreinsa betur hellurnar með GarðaUndra til að tryggja endingu framkvæmdarinnar.

4. Gasbrennarar hafa verið notaðaðir í gegnum tíðina til að hreinsa illgresi úr hellulögnum, malarstígum og öðrum svæðum sem eiga að vera gróðurlaus. Þá er gasloga beint að illgresinu í stutta stund til þess að snögghita það. Við það þá fer af stað ferli í plöntunni sem drepur bæði rót og yfirvöxt plöntunnar. Ef loganum er beint of lengi í senn að illgresinu svo það brenni þá er hætta á að rótin drepist ekki og ný planta spretti upp á nokkrum dögum.

5. Gufa hefur lengi verið notuð til að sótthreinsa gróðurhús og jarðveg á Íslandi þar sem hitinn nær að drepa bæði illgresisplöntur, fræ og ýmis skordýr sem herja á plöntur í ræktun. Í dag eru til tæki sem eru sérhönnuð til þess að nota gufu gegn illgresi í görðum og gróðursvæðum. Tækin virka á sama hátt og gasbrennararnir þar sem þau snögghita illgresið svo að bæði rót og yfirvöxtur drepast. Tækin eru til í mörgum stærðum og gerðum en eru eflaust ekki raunhæfur kostur í innkaupum nema fyrir þá sem eru með stór svæði í umhirðu.
   Enn má þó vel nýta sér heita vatnið og slöngu til þess að drepa illgresi svo lengi sem engin hætta er á að það sullist á grasflatir eða gróður sem ekki á að skemma eða drepa.

Til þess að halda hellulögnum í góðu horfi í lengri tíma þarf líka að hafa auga með því að laga ef vart verður við sig. Þá þarf að taka upp hellurnar á svæðinu sem byrjað er að síga, bæta undir þær sandi og leggja aftur. Gott viðhald tryggir góða endingu.

Mynd af hellusköfu: www.bauhaus.is

Aðrar myndir og texti: Ágústa Erlingsdóttir, skrúðgarðyrkjumeistari